



# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1889-1949, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Lýðveldisflokkur Íslendinga – Nýtt kirkjublað – Skólablaðið – Jón Dúason – Jón Jensson – Ingólfur – Geislar af lifandi ljósi – Charles W. Penrose – Hvað er mormónska – Eggert Jochumsson – Minni verslunarstéttarinnar – Hannes S. Blöndal – Jón Laxdal – Nýtt kvennablað – Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn – Hanna Granfelt – Fylluljóð hin nýju – Betænkning (Einungis bókarkápa sýnd hér, 166 bls.)

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Benediktarskjöl  
Askja 5-17, Örk 1

Reykjavík,

6/8.

1936

Framkvæmdaráð Lýðveldisflokkss íslendinga sendir yður  
meðfylgjandi drög að stefnuskrá flokksins. Flokkurinn væntir  
stuðnings yðar og þætti mjög vænt um að fá umsögn yðar um þau  
miklu framtíðarmál, sem hér er hafin baráttu fyrir: Stofnun  
hins íslenzka lýðveldis 1943 og réttlát lausn hinna efnahagslegu  
mála. Framkvæmdaráð flokksins hefir aðsetur sitt í Pósthús-  
stræti 13, sími 3379.

Virðingarfyllst

Framkvæmdaráðið.

## Drög að stefnuskrá Lýðveldisflokks Íslendinga.

---

### I.

1. Lýðveldisflokkur Íslendinga berst fyrst og fremst fyrir því að vekja og sameina hina íslenzku þjóð um stofnun hins íslenzka lýðveldis 1943, þar eð hann álítur það sögulegt hlutverk núverandi kynslóðar í lífs- og þroskabaráttu þjóðar vorrar og langmerkasta og örlagaríkasta málið fyrir framtíð þjóðarinnar, sem nokkur kynslóð á Íslandi hefur fengið til meðferðar.

2. Flokkurinn vill vinna að því að undirbúa: 1. Hvert skuli vera vald hins íslenzka forseta. 2. Að íslenzkir sendiherrar skuli vera búsettir í aðalviðskiptalöndum vorum. 3. Hvernig fengin skuli viðurkenning fraendþjóða vorra á Norðurlöndum og stórþjóðanna á lýðveldi voru, og 4. Hvernig vér fáum tryggt öryggi vort út á við.

3. Að samið skal að nýju um utanríkisskuldir þjóðarinnar með haegstæðari kjörum.

### II.

1. Flokkurinn berst af öllu afli gegn orsökunum að stéttabaráttu þeirri og sundrung, sem ríkt hefur í þjóðfélagi voru síðustu tvo tugi ára, því að hún hefur eigi aðeins vegið mjög alvarlega gegn bræðrapeli hinnar íslenzku þjóðar, heldur er einnig, þegar betur er að gáð, meginorsök að núverandi fjárhagsvandræðum hennar.

2. Flokkurinn berst því fyrir að skapa heilbrigrt socialt réttlæti í öllum starfsgreinum þjóðar vorrar. Og þó einkum fyrir því að koma á heilbrigðum jöfn-udi og jafnvægi í eignafyrirkomulagi framleiðslutækjanna, þannig að jafnframt hinum tiltölulega fáu og stóru atvinnurekendum skapist hinir smærri og fleiri. Flokkurinn vill keppa að þessu marki m. a. með lögleiðslu ágóðaardar verkamönnum til handa, þar sem það þykir fært, eða með hverri þeirri aðferð annari, sem beztu menn álita hagkvæma.

3. Flokkurinn vill efla líkamlega og andlega heilbrigði hinnar íslenzku þjóðar, m. a. með aukinni líkamsmennt barna og unglings í öllum skólum landsins, því að flokkurinn álítur það ófyrirgefanelegt hirðuleysi af heilbrigðisstjórn landsins að láta það viðgangast, að hér í höfuðstaðnum eru t. d. aðeins ætlaðar 2—3 stundir á viku eða jafnvel minna til líkamsmenntunar barna og unglings á sama tíma, sem þjóð vor greiðir yfir 1 milj. kr. í berklavarnir á ári og missir um 200 manns árlega úr berklum.

4. Flokkurinn berst fyrir tryggingu réttlætis í veiting opinberra embætta, þannig að það verði jafnan hæfni manna og þá um leið hagur alþjóðar, sem þar ræður í staðinn fyrir stéttá- og flokkshagsmuni stéttabaráttunnar, sem nú ræður í þeim efnum og gerir hvortveggja í senn að stofna trausti þjóðarinnar á embættismönnum sínum og landsfriðnum í voða.

5. Flokkurinn berst fyrir, að enginn megi fara með nema eitt launað embætti í þjónustu ríkisins, og að þeir af embættismönnum ríkisins, sem vandasömum og vel launuðum embættum gegna, megi ekki jafnframt gegna launuðum embættum við einkastofnanir, eins og nú mun eiga sér stað.

6. Flokkurinn berst fyrir stofnun ellityrggingarsjóðs, er í verði greitt svo mikil af einstaklingum,

bæjar- og sveitarfélögum og ríki, að hægt yrði úr þeim sjóði að greiða öllum eigna- og heilsulausum gamalmennum þjóðarinnar lífeyri, svo að framfærsla gamalmenna af sveit falli niður. Sömuleiðis styrkir flokkurinn af öllu afli slysavarnastarfsemi og slysa- og sjúkratryggingarstarfsemi landsmanna.

7. Flokkurinn berst fyrir því, að hámark launa í þarfir hins opinbera sé 12 þús. kr., og álítur það gersamlega skakkt og vítabert, að í okkar fámenna og fátæka þjóðfélagi hafa verið og eru menn í opinberum stöðum, sem hafa frá 15—20 þús. kr. í árstekjur eða jafnvel meira, samtímis því sem allur almenningur í landinu verður að lifa af 2—3 þús. kr. eða jafnvel nokkrum hundruðum króna á ári. Flokkurinn vill enn fremur stuðla að því, að einkafyrirtæki landsmanna borgi ekki hærri árslaun en ríkið.

8. Flokkurinn vill efla heilbrigrt uppeldi hinnar íslenzku þjóðar með því að sameina starf handar og anda í vinnu manna, svo að allir fái að reyna, hvað það kostar af erfiði að afla verðmæta til lands og sjávar og, ef haganlegt þætti, jafnvel lögleiða þegn-skylduvinnu í þessum tilgangi.

9. Flokkurinn álítur, að atvinnulífið sé til þess að þroska mennina, og vill því berjast fyrir frelsi þess í öllum greinum, innan þeirra vébanda, sem allt sannarlegt frelsi setur sér, til þess að geta varðveitt sig sjálft.

10. Flokkurinn vill berjast af öllu afli fyrir, að viðskiftastéttin öll (kaupmenn og kaupfélög) starfi saman að sameiginlegu hlutverki í þarfir alþjóðar í staðinn fyrir að heyja eyðileggjandi innbyrðis baráttu, eins og nú á sér stað, öllum til tjóns nema fáeinum stéttabaráttuforingjum, sem hafa lífsuppledji af að halda henni við.

11. Flokkurinn vill endurreisa tign og virðing,

traust og vald hins helga alþingis Íslendinga, með því að lögbanna þingsetu óreiðumönnum í opinberu lífi og ofdrykkjumönnum, er sumir hafa átt þar setu undanfarin stéttabaráttuár til óumræðilegs tjóns fyrir siðferðisþroska þjóðar vorrar.

12. Flokkurinn berst fyrir stofnun starfssambanda allra stéttu þjóðar vorrar og atvinnuráðs, er sé skipað fulltrúum allra starfssambandanna og vinni að jafnvægi í atvinnulífi þjóðarinnar.

13. Flokkurinn styður af öllu afli að eflingu kirkju og kristindóms hinnar íslenzku þjóðar, þar eð hann áláit, að þjóð vor verði nú og ávallt að byggja lífs- og þroskabaráttu sína á kenningu Krists.

14. Flokkurinn styður af öllu afli bindindismál hinnar íslenzku þjóðar sem eitt hið þýðingarmesta efnahagslega og andlega þroskamál hennar.

15. Lýðveldisflokkur Íslendinga berst fyrir því, að lögð sé megináherzla á að nota íslenzkan vinnukraft við að breyta hrávörum hér heima í unna vörum og fá þannig stórum verðmætari vörur til útflutnings.

16. Flokkurinn berst af alefli fyrir því að auka iðnað í landinu í sem flestum greinum, t. d. að hagnýta íslenzku ullina til fatnaðar í miklu stærri stíl en hefir átt sér stað undanfarið með nýrri og heppilegri aðferð í vefnaði og fjölbreyttari gerðum. Leggja skal áherzlu á það að búa til hér heima sem allra mest af fatnaði landsmanna í sem flestum greinum, og er hér um stórt verksvið að ræða fyrir framtakssama menn, fjölda manns til atvinnuaukningar.

17. Flokkurinn vill efla og styrkja heimilisiðnað í landinu og láta byrja á margskonar nýjum, þjóðlegum heimilisiðnaði og hafa starfandi heimilisiðnáðarráð, sem fært sé um að veita landsmönnum ráðgefandi leiðbeiningar í þessum efnum, — útbýti fyrirmynnum, teikningum og nákvæmum lýsingum á því, hvernig skuli búa til hina einstöku muni.

Heimilisiðnaðarráðið skal einnig annast útvegun á nauðsynlegu efni, innlendu eða útlendu, og greiða fyrir sölu á heimilisiðnaði utan lands og innan á allan hátt.

18. Þar sem flokkurinn berst fyrir því að útrýma atvinnuleysinu í landinu, telur hann eitt af höfuðverkefnum sínum að styðja af alefli að stofnun nýrra iðnfyrirtækja í landinu í öllum þeim greinum, sem landsmenn þarfnað, svo sem: veiðarfæragerða í sem flestum greinum, tunnugerða, vefnaðar á striga til fiskumbúða, vindla-, vindlinga- og tóbaksgerðar, leir-, gler- og postulínsgerðar, sement- og kalkgerðar, mölunar á rúgi, maís, höfrum, hveiti og fóðurvörum, tilbúning skófatnaðar og aukningar á smíði mótorbáta og jafnvæl hafskipasmíði og smíði á mótorvélum, miðstöðvarofnum og miðstöðvarkötlum. Fessar nýju iðngreinar myndu veita mörgum hundruðum manns atvinnu og spara landsmönnum mikinn erlendan gjaldeyri, þar sem nú yrðu aðeins keypt hráefni í staðinn fyrir fullunnar vörur, auk þess sem þessar nýju iðngreinar myndu í framtíðinni geta orðið öruggur tekjustofn bæjarfélaga og ríkis.

19. Flokkurinn berst fyrir að lækka eða jafnvæl afnema alveg, jafnskjótt og hagur ríkisins leyfir, tolla af hráefnum til iðnaðar, en það miðar til þess að efla atvinnulif landsmanna og gera neytendum vöruna sem ódýrasta.

20. Flokkurinn telur það eitt af sínum aðalverkefnum að efla og styrkja sjávarútgerð landsmanna. Telur hann mikla nauðsyn á að endurnýja togaraflotann. Til þess að það geti orðið í framtíðinni á sem auðveldastan og heppilegastan hátt, vill flokkurinn láta stofna fyrningarsjóð með stofnfjárframlagi úr bæjarsjóðum og ríkissjóði, og greiði hver togaraeigandi í hann árlegt fyrningargjald. Slíkur fyrningarsjóður myndi gera tvennt í senn, fyrst og fremst að

tryggja það, að togaraeigendur gætu endurnýjað skip sín og í öðru lagi að skapa öryggi fyrir lánveitingum lánsstofnananna (bankanna) til togaraútgerðarinnar. Þetta fyrirkomulag mætti einnig nota við að endurnýja mótorbátaflotann. Yfirleitt vill flokkurinn beita sér fyrir því, að fiskveiðarnar sé reknar af kappi og hagsýni, vegna þess að sjávarafurðirnar eru og verða ávallt um ófyrirsjáanlegan tíma verðmætasti hluti útflutningsvara þjóðar vorrar og verðmæti þeirra hyrningarsteinninn undir fjárhagslegu sjálfstæði hennar. Stefnt skal að því að kaupa stóra togara, útbúna með öllum nýtizku tækjum og vélum til vinnslu á öllum aflanum um bord í skipunum. Flokkurinn vill vinna að því, að sjávarafurðir til útflutnings verði gerðar fjölbreyttari, að nýjar verkunaraðferðir verði upp tekna og víständaleg reynsla verði tekin í þjónustu útgerðarinnar. Einnig vill hann leggja áherzlu á að leita nýrra markaða fyrir afurðir landsmanna alls staðar þar, sem likur benda til, að ryðja mætti íslenzkum afurðum braut.

21. Flokkurinn vill af öllu afli styðja að lífsmöguleikum sveitafólksins: 1. með stofnun kennslubúa í öllum stærri sýslum landsins, er mesta ræktunarmöguleika hafa, þar sem það gæti lært að rækta land sitt, þar eð það er sýnt, að búnaðarskólnir einir megna ekki að leysa það hlutverk af hendi. Þá sækja nú aðeins 5—6% bændastéttarinnar. 2. Með stofnun nýbýla, þar sem henta þykir, og aukning húsdýraræktunar, garðyrkju og kornræktar til stuðnings aðalgreinum landbúnaðar vors, grasræktinni og sauðfjárrækt. 3. Með varðveislu eignaréttar bændanna á jörðum sínum, en þó þannig, að girt sé fyrir alt óeðlilegt brask með jarðir manna, sem geti orðið varðveislu eignaréttarins að tjóni. 4. Með

auknu samstarfi meðal bændastéttarinnar sjálfrar og við aðrar stéttir landsins í staðinn fyrir sundrung þá og flokkadrætti, sem nú ríkir í þeim eftum og m. a. er afleiðing þess, að með bændastéttinni, eins og öðrum stéttum landsins, drottna menn, sem hafa stéttabaráttu og sundrung að lifsskoðun og lifsstarfi eða eru a. m. k. óhæfir til að binda enda á slikt.

22. Flokkurinn telur mikla nauðsyn á að stofna verzlunar- og iðnaðarbanka svo fljótt sem verða má, til þess að efla og styrkja iðnað og verzlun landsmanna og hið heilbrigða eignarskipulag, er miðar að því að gera verkamennina að sjálfstæðum aðilum í iðnfyrirtækjunum.

23. Flokkurinn berst fyrir jafnrétti þegnanna í skattamálum, jafnt einstaklinga sem félaga, og þótt kaupfélögin séu nauðsynlegur félagsskapur í viðskiptalífi landsmanna, þá álitur Lýðveldisflokkurinn, að samúð milli manna og landsfriðnum stafi hætta af því misrétti í skattgreiðslum, sem nú á sér stað milli kaupfélaga og einstaklinga. Flokkurinn berst fyrir að létta skattabyrðar landsmanna með skynsamlegum sparnaði í rekstri hinz opinbera. Og flokkurinn telur í fyllsta máta óréttlátt og óskynsamlegt að skattleggja taprekstur fyrirtækja, þar sem slikt stefnir að beinu hruni þeirra, enda mun slikt hvergi eiga sér stað í atvinnulífi annarra þjóða.

24. Flokkurinn vill vinna að endurbótum á fá-tækralöggjöfinni og gjöra öflugar ráðstafanir af ríkisins hálfu til að hjálpa atvinnulausum mönnum til að fá jarðnæði í sveit, svo að þeir geti framfleytt þar sér og sínum.

25. Flokkurinn vill af alefli styrkja og styðja allar þjóðlegar listir Íslendinga, er mega verða þjóð vorri til þroska og sóma.

26. Flokkurinn vill beita sér fyrir því, að halda við og efla svo sem unnt er samband Íslendinga austan hafs og vestan, og álitur það skyldu hinnar íslenzku þjóðar að hjálpa til að viðhalda þjóðerni þeirra Íslendinga, sem í Vesturheimi búa.

### III.

1. Lýðveldisflokkur Íslendinga berst fyrir eining hinnar íslenzku þjóðar um öll þau velferðarmál hennar, sem að framan greinir, undir merkjum lýðveldis vors, af því að hann álitur þau öll til samans og anda þeirra vísi að því hyggilega stjórnarfari, inn á við og út á við, er eitt geti tryggt smáþjóð eins og vorri fullkomíð sjálfssorðæði yfir málum sínum nú og á ókomnum tínum.

2. Lýðveldisflokkur Íslendinga beinir ekki orðum sínum til anda stéttabaráttunnar og foringja hennar, en til allra vinnandi manna í landinu, yngri sem eldri, sem undantekningarlaust bíða allir beint eða óbent, tjón við stéttabaráttuna og allt fargan hennar og rifrildi, og biður þá að ljá lið sitt til þess, að skapa einhuga þjóð um þá stjórnmálastefnu, sem er sannari, réttari og betri en stéttabaráttustefnur þær, sem vér nú búum við. Lýðveldisflokkurinn biður þá að minnast þess, að þær þjóðir einar hafa unnið afreksverk í lífs- og þroskabaráttu sinni, sem hafa átt hæfileikann til einingar og til að sigrast á sundrunginni.

STEINDÓRSPRENT H.F.

# NYTT KIRKJUBLAÐ

HÁLFSMÁNAÐARRIT

FYRIR KRISTINDÓM OG KRISTILEGA MENNING

1915

Reykjavík, 1. júni

11. blað

Frú Valgerður Þorsteinsdóttir.

Forstöðukona kvennaskólans á Laugalandi 1877—1896.



Hér flytur N. Kbl.  
mynd af merkri og góðri  
konu, frú Valgerði Þor-  
steinsdóttur á Bægisá.  
Er hún nú komin fast  
að átræðu, fædd 23. apríl  
1836. Myndin er tekin  
í Kaupmannahöfn vorið  
1879.

Ætt frú Valgerðar er  
góðkunn, frá Mývatni.  
Faðir hennar, hinn þjóð-  
kunni prestur, síra Þor-  
steinn Pálsson á Hálsi í  
Fojóskadal, dáinn 1873,  
var af bezta bændakyni  
i Sveitinni, afi, langafi  
og langa-langafi Reykja-  
bliðarbændur. Móðir frú  
Valgerðar var Valgerður  
Jónsdóttir, fyrri kona síra  
Þorsteins á Hálsi og  
dóttir síra Jóns prests Þorsteinssonar í Reykjahlíð.

Pær mæðgur og nöfnur voru, hvor um sig, eltar i syst-  
kinahópnum. Lifa nú af Reykjahlíðarsystkinum tvö hin yngstu

Gesturinn skaut því að, hvort aðfinslurnar við Páls-postillu spiltu ekki fyrir sölunni.

Néi, eitthvað annað, hélt Sigurður:

„Skammi þeir og skammi þeir, karlarnir kaupa“.

Hefði Sigurður verið „lærður maður“, hefði hann sagt: „Pú-blíkum kaupir“.

### 111. ársfundur Brezka Bibliufélagsins.

Haldinn í maíþyrjun. Síðasta félagsárið hafði félagið bætt við sig 9 tungumálum. Hefir nú félagið lagt undir sig 487 tungumál.

Árstekjurnar voru hátt á 5 milj. kr., en hrukku þó ekki. Veldur styrjöldin.

### Iðunn endurvakin.

Hún hætti 1889. Kann einhverjum í hug að koma gaman-visa P. E. um '89, er Jón Ólafsson sezt þar aftur að ritstjórn. Verða nú með honum Ágúst prófessor Bjarnason og Einar skáld Hjörleifsson. Fræðandi og skemtandi sem áður. Birtist í 1. hefti — júlí þ. á. — upphaf á bálki: Úr endurminningum æfityramanns, eftir sjálfan hann (J. Ól.).

### Síra Magnús prófastur Andrésson á Gilsbakka

hefir verið hér um hrifundir undir hendi augnlaeknis. Var skorid og tókst vel.

### Við setning alþingis

prédikar síra Eggert Pálsson á Breiðabólsstað i Fljótshlíð.

## Prestastefnan.

Hún verður haldin á sama stað og síðast, í fyrilestrasal heimspekkisdeilda háskólans. Hún hefst með guðsbjónustu í dómkirkjunni á hádegi Jónsmessudag 24. þ. m. Prestvígsla verður við guðsbjónustuathöfnina.

Síra Kjartan Helgason í Hruna prédikar við setning synodusar.

Af ýmsum málum, sem fyrir koma, mætti nefna þau tvö: Prestsstarfið i söfnuðunum og safnaðarstarfið til líknar sjúkum.

Prestar segi sem fyrst til mála er þeir vilja koma á dagskrá fundarins.

Ritstjóri: PÓRHALLUR BJARNARSON.

Félagsprentsmaðjan.

# SKÓLABLAÐIÐ

——————  
NÍUNDI ÁRGANGUR

---

1915.

Reykjavík 1. október.

10. blað.

---

## Kverlærdómurinn.

Mikið hefur verið rætt og ritað hjá oss síðari árin um kverlærdóminn. Bæði prestar og leikmenn hafa látið þar uppi skoðanir sínar, þótt oss séu kunnastar skoðanir prestastéttarinnar á málinu, þar eð prestafundir, bæði sunnan- og norðanlands hafa hvað eftir annað rætt málið ítarlega og samþykt tillögur því viðvíkjandi.

Er ekki ófróðlegt að glöggva sig á helstu ályktunum þeirra funda og athuga í hvaða átt þar er stefnt.

Fyrst er þá að minnast prestastefnunnar á Pingvöllum 1908. Sú fjölmenna samkoma tjáir sig hlynta stefnu í fyrirlestri þeim, er séra Magnús Helgason skólastjóri hélt þar um kristindómsfræðslu ungmenna. En aðalatriðin eða niðurlagsatriði þess fyrirlestrar voru þau 4, er hér segir:

1. Í stað þess að hingað til hefur kverið verið eina fastákvæðna námsefnið í kristnum fræðum undir fermingu, þá verði það hér eftir bibliusögur, trúarjátningin og nokkrir valdir sálmars.

2. Jafnan sé námsefnið útlistað fyrir börnum á ður en þeim er sett fyrir að læra. Orðrétt nám sé heimtað að eins á trúarjátningunni, völdum ritningarstöðum og ljóðum.

3. Að öðru leyti sé prestum alveg frjálst, hvernig þeir haga undirbúningi barna undir fermingu.

4. Þó að prestar haldi áfram að nota kver, séu börnin alls ekki látin byrja á því yngri en 12 ára.

Á prestastefnunni í Reykjavík 1911 flytur séra Magnús Helgason aftur erindi um kristindómsfræðslu barna og heldur

búning ætti að fá undir næsta þing, og betri tíma til athugunar á þinginu.

### Til heimilisiðnaðar

veitti ný afstaðið alþing 1500 kr. hvort árið; til Heimilisiðnaðarfélags Íslands 1000 kr. og til heimilisiðnaðarfélags norðanlands 500 kr.

Heimilisiðnaðarfélags Íslands hefur þegar fastráðið að halda uppi fimm mánaða kensiú á komandi vetri, og byrja kensluna 1. næsta mánaðar. Húsnaði er fengið og kennari víð. Þá mun ekki standa á nemendumum. Fá líklega færri en vilja.

Um námskeið þetta verður nánar auglýst í dagblöðunum innan skamms.

### K E N S L U B A E K U R :

Bjarni Sæmundsson: Dýrafræði. Verð kr. 3.80.

— Landafræði. Verð kr. 3.50.

— Íslandslysing. Verð kr. 0.60.

— Maðurinn (heilsufræði). Verð kr. 0.60.

Hallgr. Jónsson: Fjórir hljóðstafir. Kr. 0.35.

Jón Ólafsson: Lítila móðurmálstókin. Kr. 1.00.

Sigurbj. Á. Gíslason: Reikningsbók. I. kr. 0.65; II. 0.80; III. 0.65; IV. 0.80; V. 1.40; VI. 1.60.

Svör við Reikningsbók S. Á. Gíslasonar. II.—IV. kr. 0.40; V.—VI. 0.40.

Valdemar Valvesson: Eðlisfræði. Kr. 0.80.

### í haust koma út:

Jón Jónsson dócent: Íslandssaga.

Jón Ófeigsson cand. mag.: Dönsk málfræði.

Sigurbur Guðmundsson cand. mag.: Íslensk bókmentasaga.

Úrvalsþættir úr Odysseifskviða Homers. Með skýringum eftir Porleif H. Bjarnason adj. Íslensk lestrarbók.

Þorl. H. Bjarnason: Maṇṇkynssaga. I. hefti.

### Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar,


Reykjavík

Útgefandi: Jón Þórarinsson. — Prentsmiðjan Rún.

Jón Dúason

Pingholtsstræti 28  
Reykjavík

# Boðsbréf



*Landahringur Íslendinga.*

(Norður-suðurlína er hádegisbaugurinn um Greenwich).

1 Bjarmaland. 2 Fjærra Bjarmaland. 3—4 Grænland. 5 Suðurbotn. 6 Norðurbotn. 7 Hafsvelgir. 8 Helluland. 9 Marklandsbotnar. 10 Markland. 11 Furðustrandir. 12 Straumfjörður. 13 Bjarney við Markland. 14 „...botnar“. 15 Vínlandsskagi = „nes þat er norðr gekk af landinu“. 16 Vínland. 17 Innhafið. 18 Ísland. 19 Nýjaland. 20 Svalbarð. 21 Tröllabotn. 22—22 Úthafið (Hafið rauða).

hljóta að hafa risið í huga hvers Íslendinga. Og þjer fáið fróðleik um margvísleg efni, sem hverjum Íslending er skylt að vita sönn deili á, en þeim þó framar öllum öðrum, sem eru eða vilja vera andlegir leiðtoga þjóðarinnar, eða þeim, er fara til annara landa, og verða þar sem sjálfkjörnir fulltrúar þjóðar sinnar að leiðrjetta útbreiddar og rótfestar rangfærslur á sögu þjóðar sinnar um hin stórvægilegustu atriði.

Rit þessi eru samin og gefin út af þjóðræknislegri skyldurækni. Þau eru þjóðræknisrit til varnar rjetti, sæmd og hagsmunum Íslands. Með því að bjóða þau til sölu, kaupa þau og útbreiða boðskap þeirra vinnið þer þjóð yðar sæmd og gagn. Gerist áskrifendur! Snúið yður til næsta umboðsmanns, bóksala, símastjóra eða beint til míni með því að útfylla eftirfarandi eyðublað og senda mjer það.

JÓN DÚASON,  
Þingholtsstræti 28, Reykjavík. Sími 3081.

JÓN DÚASON,  
Þingholtsstræti 28, Reykjavík.

Jeg undirritaður gerist hjer með kaupandi að ritum Jóns Dúasonar: „Landkönnun og landnám Íslendinga í Vesturheimi“ og „Rjettarstöðu Grænlands, nylendu Íslands“. Bækur þessar kaupi jeg jafnóðum og þær koma út í 4 arka heftum á kr. 2,75 heftið og greiði jeg hvert hefti um leið og jeg fæ það i hendur, enda sjeu heftin send og andvirkðið innheimt mjer að kostnaðarlausu.

Með þessari áskrift minni skuldbind jeg mig til að kaupa báðar þessar ofangreindu bækur.

Nafn og staða:

Heimilistfang:

Póststöð:



# Sjálfstæði Íslands.

Ræða Jóns Jenssonar yfirdómara  
i Stúdentafélaginu 6. júní 1906.

(Sérprentun úr Ingólf).

Með sjálfstæði Íslands á ég við fullt sjálfstæði, eða að Íslendingar eigi öll ráð-in yfir landi sínu, og engir aðrir. Þeir eigi þau ekki undir neinum öðrum, neinni annari þjóð. Ísland sé fyrir Íslendinga. Ég tek þetta fram af því, að menn virðast nú vilja kalla allt sjálfstæði, kalla það sjálfstæði, að önnur þjóð ljái oss ráð-in yfir landi voru undir sínu yfirvaldi og umsjón — kalla það sjálfstæði að vera nýlenda eða lýðlenda eða hjálenda annars lands eða rikis. Vegna þessarar villumerkingar í orðinu sjálfstæði, sem nú er orðin tíð, þykjast nú allir vera að vinna að sjálfstæði Íslands, einnig þeir, sem þvert á móti eru að vinna að því, að það glatist með öllu.

Fyrir þessu fulla sjálfstæði Íslands höfum vér barist nú í yfir 50 ár. Og í rauninni standa sakir svo, að vér höfum ekker特 áunnið enn fyrir reglulegt, fullt sjálfstæði Íslands, heldur farið aftur á bak.

Eg álit það heppilegt að hefja umræðurnar í kvöld um sjálfstæði Íslands með því að segja stuttlega frá stjórnarbaráttu

# Geislar af lifandi ljósi.

Kenningar Krists.

Eftir Charles W. Penrose.

M 1.

## Formáli. — Nauðsyn hlyðninnar.

Geta allar trúarreglur verið réttar?

I heiminum eru svo margar mismunandi trúarreglur, sem ekki einungis álíta sig réttar, heldur guðdómlegar, sem verður til pess, að hver sannleikselskandi maður, verður eða getur orðið, eins og villuráfandi, ráðprota sauður í framsókn andans, til að finna hinn rétta veg sannleikans. Petta, við einir erum réttir, sem allar kirkjugreinar kristninnar hrópa, hver i kapp við aðra, er augsýnilega ósanngjارت, því sannleikurinn er að eins einn. Það er afbökun sannleikans, sem er orsök als pessa hringlanda. Tvær gagnstæðar trúarreglur, geta ekki verið báðar réttar; báðar geta verið skakkar, en hitt ekki. Það getur verið nokkur sannleiki í hverri kirkjureglu sem er, því hefði það ekki verið, hefðu þær ekki getað staðið. Það er sannleikurinn í hverri trúarreglu sem heldur þeim lifandi, en um leið verkar það, að rangar skoðanir virðast vera réttar, meðan sá timi stendur,

Guð er ekki orsök til sundrungar.

Að segja, að guð sé höfundur allra pessara trúarbragða mótssetninga, sem lætur mannkynið eiga pessar sífeldu baráttu, væri að tileinka honum heimskuna — pekkingarleysið með allri þar tilheyrandi ósamkvæmni. Það sem er og hefir sína uppsprettu frá guði, hlytur að vera sannleikur, um það er ekki neitt að segja, því margir hugsandi menn eru komnar til þeirrar sannfæringar, að alt petta agg og strið um trúarbrögðin liðnar aldir, sé einungis mannlegar setningar, til að ávinna tímanlegan hagnað. En Pegar maður veit, að æðri vera allra hluta, skapari, sem er höfundur sannleikans, réttvisinnar, spekinnar og kærleikans, þá er ósanngjart að hugsa, að hann yfirgesi sin skynberandi börn, án vitnisburðar um ókomnar aldaraðir.

Elnungis ein sönn trúarbrögð.

Par sem er einn sannur Guð, þá getur heldur ekki verið nema ein sönn trúarbrögð, og þau verða að vera frá guði sjálfum komin til mannanna. Trúarbrögð, sem eru mannasetningar, eru að sjálfsögðu mismunandi, maðurinn getur ekki einsamall rannsakað guð eða hans vegi, en guð getur upplýst mennina um sinn vilja og eiginleikila. Það eilifa getur opinberað sig því forgengilega, sem ekki getur sjálfst

skilið það óforgengilega. Það er þess vegna hið æðsta nauðsynlega fyrir mennina, að læra að pekkja hvað Guð útheimtar af þeim til þess að undirbúa sig undir hans návist, um alla eilifð. Þess vegna ættu sönn trúarbrögð, sem Guð opinberar og hesir opinberað og framvegis opinberar, að álitast háleitara og helgara en nokkuð annað. Því engin forgengileg trúarbrögð geta samjafnast við guðlega opinberun; það sem er eilift, er óendenlega hátt upphafið yfir alla mannsetning, — sá sem pessa »dýrðlegu perlu« eignast, er óútmálanlega sælla.

#### Sannleikurinn og réttlætið er nauðsyn.

Eitt af stærstu villutum er það, að mannkyrið álitur, að herra-anum sé póknanlegar allar pessar kirkjulegu dogmum, eða trúarbragð-serialmoniur og reglugerðir, ef þær eru eftir peirra eigin álti gerðar í góðum tilgangi. Guð verður ekki einungis að tilbiðjast í anda, heldur einnig í sannleika, hans orð eru sönn, hans andi er sannleiksandi, hans trúarbrögð innihalda ekkert nema sannleikann og það sem þar er fram yfir — vill hann ekki taka gildandi. Mannasetningar með hvaða tilgangi sem er, eru ekki af Guðs anda og þess vegna ógildar fyrir honum. Allir prédikarar, skikkadír þar til af mönnum og ekki innblásir af guðs anda, eru óáreiðanlegir og peir eru ekki viðurkendir á himnum. Heiðinndómur og kristindómur er fyrir ofan mannlegan skilning og mótsriðandi hugmyndir um Guð, hans vilja, áform og lögþál, hann á engan þátt í þeim, því hann er friðarins og sameiningarinnar höfundur.

#### Kristur kendi oss einungis einn veg.

»Það hlið er þraungt og sá vegur er mjór, sem til lífsins liggar, og það eru fáir, sem finna hann«, (Matt. 7: 14), sagði hinn mikli kennari. Allir kalla sig kristna, viðurkenna frelsara heimsins. Hann sagði líka sannlega segi ég yður: »Hver sem ekki gengur inn um hið rétta hlið, að sauðahúsini og fer annarsstaðar, hann er þjófur og ræningi« (Jóh. 10: 1). Sömuleiðis: En peir dýrka mig forgefins, þar eð peir kenna mannasetningar, (Matt. 13, 9.), ennfremur: »Maðurinn lífir ekki af einu saman brauði, heldur af hverju því orði, sem framgengur af Guðs munni«, (Math. 4: 4).

#### Heiðingjarnir eru ef til vill réttir.

Peir menn sem kallast heiðingjar, eru án efa eins réttir í peirra afguðsdýrkun, eins og peir kristnu, sem ofsækja hver aðra í kenningu og trú. Ef einlægur ásetningur og andakt er nóg til að póknast Guði, þá stendur heiðingdómurinn eins hátt og kristindómurinn í Guðs augum. En einhver kann að segja: »Heiðingjanna trúarbrögð eru frásneidd öllu því háleitara, til þess að verða viðurkend af Guði, trúin á Jesú Krist, nær sem peir hafa hana einungis, þá gerir það ekki mismuninn á trúarsetningunum, því trúin er nóg til að frelsa, Kristur er vegurinn, sannleikurinn og lífið og hver sem trúir á hann mun lifa eiliflega. En þetta er eitt af þeim mórgu undraverðu villukenningum meðal lærðra og almennings nútímans. Peir leggja áherzluna á ýmsa sérstaka ritningaráði i Nýja Testamentinu, haldandi sér stranglega við hinn dauða bókstaf, án þess að taka til sínar ósíðingar.

setninganna í réttu sambandi, og ganga fram hjá ótal mörgum ritningaráinnar orðum, sem skiljanlega gera meiningu og anda pessara ritningarordá, sem peir, með þessum hætti, misskilja og afvegasfæra. Peirra augu eru blind og sjá ekki hið rétta og ganga rasandi. »Því sá sem er blindur og leiðir blindan, er í hættunni með að báðir falli í gryfjuna«, sem máltaekid hljóðar.

#### Sannanir um að hlýðnin sé nauðsynleg.

Jesús sagði með réttu: »Svo elskoði Guð heiminn, að hann gat sinn son til þess, að hver sem á hann trúir, skal lifa að eilifu«, (Jóh. 8: 10). En hann sagði líka: »Minir sauðir pekkja mína raust og ég pekki þá, og peir munu fylgja mér«, (Jóh. 10: 27). »Sannlega, sannlega segi ég yður, að hver sem trúir á mig og þau verk sem ég geri, skal hann þannig gera og hann skal gera stærri verk en þessi, því ég fer til föðursins (Jóh. 14: 12). »Hver sem elskar mig, skal halda míni orð«, (Jóh. 14: 23). »Hver sem heldur míni orð, er sá sem mig elskar, og hver sem elskar mig, þann sama elskar og faðirinn og ég skal elskja hann og opinbera mig honum«, (Jóh. 14: 21). »Eins og þér halldið míni orð, elskja ég yður, eins og ég hef halldið orð föðursins, í hans kærleika«, (Jóh. 15: 10). En hver sem segir til míni: »Herra, herra, og gerir ekki minn vilja, fær ekki inngang til himnaríkis, heldur sá, sem gerir míns föðurs vilja, sem er á himnum«, (Matt. 7: 21). »En því kallið pið mig herra, herra og gerið ekki minn vilja«, (Lúk. 6: 46). Þess vegna, »hver sem breytir einu af mínum minstu boðum og kennir öðru visi, hann skal kallast sá minsti i himnaríki. En sá sem kennir og gerir minn boð, skal kallast stóri í míns föðurríki. Því ég segi yður, nema yðar réttlæti yfirgnæfi hina Skriflærðu og Fariseanna, komið þér ekki í himnaríki«, (Matt. 5: 9, 20). »Og hver sem heyrir þessi míni orð, og gerir ekki þar eftir, er likur þeim manni, sem bygði sitt hús á sandi og þegar regnið og veðrið kom fél og þess fall var stórt«, (Matt. 7: 26, 27).

Pegar hinn ríki ungi maður, spurði Jesús: hvað hann ætti að gera til þess að öðlast eilift líf. Þá var ekki svarið, að honum nægði það einungis að trúá á Krist, heldur: »ef þú vilt fá inngang til lífsins, þá haltu míni boð«, (Matt. 19: 7). Pegar Kristur eftir upprisuna sendi sína postula út um heiminn til að prédika evangélium til fólksins, gat hann þá tilskipun: »Kennið þeim að halda alt það, sem eg hefi yður boðið.«

#### Ályktanir tekna af ritningunni.

Postularnir, þannig útvaldir, hlýddu þessu boði og ekki einungis prédikuðu trúna á Jesú Krist, sem nauðsynlega til sáluhjálpar, heldur einnig nauðsyn á hinni sönnu hlýðni. Ferðasögur peirra sem skrifðar eru í postulanna gjörningabók sanna þetta, og nokkrir af pistlunum staðfesta það sama, án mótsagna um trúna á Krist, sem er fullnægjandi til frelsis og innibindur trú á Kristi kenningu og hlýðni við hans boðorð.

#### Trú án verkanna er dauð.

Sú trú á Krist, sem nú á tínum er kend, af hinum ýmsu kirkjum, er því af peirri tegund, sem postulinn Jakob fordæmir. Hann segir: »Viltu vita, ó þú héggomlegi maður, að trúin án verkanna er

dauð? . . . Sjá þú, að maðurinn réttlætist fyrir sin verk, en ekki trúna einungis. . . . Því eins og likaminn er dauður án andans, eins er trúin dauð án verkanna», (Jak. 2: 20, 24, 26).

#### St. Páls vitnisburður,

Pað er eiginlega Páll postuli, sem fyrstur virðist hafa kent um réttlætingu af trúnni, án verkanna. En að hann hesir verið misskilinn, sýnir greinilega pistillinn til Rómverja. Þar sem hann kennir réttlætingu af trúnni, í sambandi nauðsynlegrar árvekni í dygðugu liferni, sem ávoxt trúarinnar. Til dæmis segir hann: »Því hann skal endurgjálda hverjum eftir hans verðleikum. Peir, sem stöðugt ástunda dygðugt liferni, peirra er ellist líf. — En peir sem eru mótstriðandi og ekki hlýða sannleikanum og gera það sem rangt er, verða ófarsælir, neyð og angist er hlutfall peirra sem gera það illa, Gyðings sem Grikkja. En heiður, blessun og friður er verðlaun peirra, sem gera hið góða, því það er ekkert manngreinarálit hjá Guði«, (Róm. 2: 6, 11),

#### Réttlæting af trúnni.

Pað er einmitt pessi pistill, sem peir vitna til, er kenna réttlætingu af trúnni, þegar peir reyna að styðja pessa ósanngjörnu kenningu og tilfæra pessa setningu: »Réttlættir fyrir trúna höfum við frið við Guð og Jesúm Krist«, (Róm. 5: 1). Sömuleiðis: »Hvar er okkar hrós? Pað er ekkert nema fyrir trúna«, (Róm. 3: 27). En peir gleyma að bæta við nærrsta versi, sem hljóðar þannig: »Pess vegna álitum við að maðurinn réttlætist fyrir trúna, án lögmálsins verka«. Innihald alls pistilsins, gengur út á að sanna að Mósesar-lögmálið er ekki fullnægjandi. »Ekkert hold réttlætist fyrir lögmálsins verk«, (Róm 3: 20). Að endurlausn og réttlætið, er einungis fyrir Krists meðalgöngu og að trúin á hann, sem inniheldur trú á hans kennningar og hlýðni við hans boð, er eini vegurinn til sáluhjálpar.

#### Trúin sem frelsar.

Pettað er úrlausn als spursmálsins, sú trú sem frelsar, er sú sem leiðir til hlýðni, »því hlýðnin er betri en offur«. Hlýðnin þekkist af hverju orði sem framgengur af Guðs munni. Trú, bæn og andakt eru ekki i sjálfu sér fullnægjandi til pess, að nálægast Guð og vera með honum, til pess útheimtist að likjast honum og það geta menn einungis með því að halda hans boð. Mannsins framtíð ákvardast eftir hans breytni hér í pessu lífi, í hinni dýrðlegu sjón Jóhannesar postula, hins elskanda lærisveins, finnum við eftir fylgjandi: »Óg ég sá þá dauðu, smáa og stóra, standa frammi fyrir Guði og bækurnar voru opnaðar og peir dauðu voru dæmdir eftir því sem skrifð var í bókunum — eftir peirra verkum. (Öpinber. B. 20; 12).

Pess vegna er kenning um trúna einungis afvegaleiðandi. Með öðru sem til er vitnað af þeim, er kenna réttlæting af trúnni, er petta: »Ef þú viðurkennir Jesús þinn herra með þínunum munni og trúir í þínu hjarta, að Guð uppreisti hann frá dauðum, þá skalt þú verða sáluhópiðn«, (Róm 10: 9). En hér skilja peir líka eftir næsta vers: »Því með hjartanu trúir maður til réttlætingar, en með munninum viðurkenning til sáluhjálpar«, (Róm 10: 10),

---

Útgefandi og kostnaðarmaður: Jakob B. Jónsson.

# Geislar af lifandi ljósi.

Eftir Charles W. Penrose

Nr. 2.

## Guðdómsins eiginlegleikar.

Nauðsyn trúarinnar.

Fyrsti grundvöllur eða atríði i hinni obinberuðu trúarreglu, er trúin á einn og sannan lifandi Guð. Trú á falska Guði, er eðlilega fólsk trúarbrögð, »án trúar er ómögulegt að þóknast honum, því hver sem kemur fyrir auglit drottins, veðrur að trúá hann sé til og endurgjaldi peim er hans leita«, (Heb. 11: 6). Trúin er í raun réttir sannfæring sálarinnar um hina ósýnilegu tilveru, sem er hulin mannsins likamlegu augum. Trúaratriðið eða hvötin, — pörfin til að trúá er manninum inngefið, sem gáfa frá skaparanum. Trúin á hann proskast með hans orði, hvort sem það er talað af honum sjálfsum eða hans englum, sem eru útsendir frá honum eða frá hans útvöldu þjónum, þar til skipuðum, sem með samverkum heilags anda tala guðsord i hans nafni. Í hverju tilfelli sem er, þá er það guðsord og pegasar það er skrásett, er það kallað ritning.

Himininn opinberar hans dýrð.

Það finnast óteljandi sannanir um tilveru Guðs, sem er yfir öllum hlutum. Hin óutmáalanlega regla, fegurð, ró og háttign sem manninum er opinberuð, nær hann lítur hinn óteljandi skara plánetanna sem fara sinar ákvörðuðu brautir, án pess að mæta árekstrum og sýna manni hið dásamlega samræmi, als pessa um endalausa eilifð. Er eitt ómótsegjanlegur vitnisburður um tilveru guðdómsins, almætti og dýrð. Jörðin sjálf, sem er í ættarsambandi við aðrar plánetur, með öllum hennar eiginlegleikum og skilyrðum til framfærslu til hjálpar mönnum og dýrum, úthrópar með öllu alheimsverkinu, — dýrðarhrós um sinn skipara.

Peir syngja um eilifð i kærleikans »kór«

Guðs kærleiki, speki og máttur er stór.

En jafnvel pó náttúran, hin ápreifanlega, sjáanlega, sýni manninum Guðs tilveru, getur hún ekki kent oss að þekkja hann persónulega eða opinberað hans vilja. Pekkingin um Guð, kemur frá Guði, — og trúin er vegurinn til peirrar pekkingar.

### Hvað Jesús kendi um sinn himneska föður.

Jesús Kristur var hinn stærsti trúarbragða lærimeistari meðal mannanna og hann var Guð, opinberaður í holdinu. Hann sýndi að Guð i sannleikans virkileika, er vor andans faðir, því hann sagði, að hann var í byrjun hjá guði, að hann útgekk frá honum og færí til hans aftur, að hann væri mannkynsins bróðir og að vér erum skapadir eftir Guðs mynd og tilheyrum hinni himnesku fameliu. Pettað sannar, er hann segir: »Faðir vor, þú sem ert á himnum». Pettað afhjúpar allar hinum fölsku, óeðlilegu kenningar um guðdóminn, sem hafa gert hann mönnum öldungis óskiljanlegan, (jafnvel óttalegan). Jesús kennir, að hans og vors faðir sé ein og sama persóna, að mennirnir séu skapaðir eftir hans mynd, eins og hann sjálfur. Hann kendi sömuleiðis að hann væri sendur af Guði, til þess að frelsa mennina og leiða þá aftur til Guðs, og að enginn gæti komist til Guðs án hans. Sönn trú, Kristin trú, er þess vegna trúin á soninn Jesús Krist og trúin á Guð hinn eilifa föður. Hann kendi enn fremur um tilveru hins guðdómlega anda, sem útgengur frá Guði til að upplýsa mennina. Það er sá heilagi andi, sem opinberar oss hans vilja og sem hinir heilögur menn á ýmsum tímum hafa verið innblásnir af til þess að opinbera hans orð.

### Prjár persónur í guðdóminum.

Pessar prjár, faðir, sonur og heilagur andi, er hinn eilifa guðdómur. Það er ekki ein persóna, eins og nú á tímum er kent af sumum hinum kristnu kirkjum, heldur hver sérstök persóna, í sameiningu samverkandi kraftur og stjórn. Jesús af Nazaret guðssonur var eins persónulega aðskilinn frá sinum föður sem aðrir menn, frá sinum jarðnesku foreldrum. Hinn heilagi andi sem útgengur frá föðurnum og syninum, hefir sína persónulegu eiginleikana. Það er satt er Jesús sagði: »Ég og faðirinn erum eitt», (Jóh. 10: 30). En hann sagði líka: »Faðirinn er stærri en ég», (Jóh. 14: 28).

### Ritningarástadir er sanna Guðs persónulegleika.

Að guðdómurinn er persónulegur, sannaðist greinilega með skírinni á Jesúsi. Við það tækifæri steig sonurinn upp úr ánni Jórdan og heilagur andi kom yfir hann í dífu líki og raust föðursins tilkynti: »Pessi er sonur minn elskulegur, á hverjum ég hefi velþóknan», (Matth. 3: 16, 17). Jesús sagði: »Ég útgekk frá föðurnum til jarðarinna, ég fer frá henni aftur og til föðursins». Og í bæninni sem skrifud er hjá Jóhannesi útskýrir hann greinilega, hvað hann meinti, þá hann sagði: »Ég og faðirinn erum eitt», (Jóh. 10: 30). Eftir að hafa beðið fyrir sinum lærisveinum, segir hann nefnilega: »En ég bið ekki einungis fyrir þessum, heldur lika fyrir þeim, sem á mig trúá fyrir þeirra orð, svo að allir megi vera eitt, eins og þú faðir ert í mér og ég í þér, skulu allir vera eitt í oss, svo heimurinn trúi að þú hafir sent mig», (Jóh. 17: 20, 21). Um heilagan anda segir hann: »Eg segi yður í sannleika, það er nauðsynlegt að ég fari frá yður, því ef ég ekki fer kemur ekki talsmaðurinn til yðar, en ef ég fer skal ég senda hann til

yðar», (Jóh. 16: 7). Margar fleiri sannanir frá frelsaranum, má tilfæra. En petta er nóg til að sýna hina aðskiljanlegu persónulegleika guðdómsins, þó í fullri samverkandi sameiningu, með áform og verk. Og þar sem peir sem kenna guðdóminn sem eina veru, þá hljóta peir eftir því, að vera ein upprunaleg vera og þannig missa sitt persónulega gerfi og verða ein óskiljanleg persónuleg heild.

### Heilagur andi.

Að Guð er alsstaðar nálægur, hefir orðið mörgum til ásteitingar, sem nútímans fölsku lerdómar ekki geta skilið, hvernig Guð sem persóna sem mennirnir eru skapaðir eftir, geti alstaðar verið í hinu ómælanlega alheims rúmi, en með ljósi sannleikans er pettað ljóst. Það er heilagur andi sem verkar í öllum hlutum og er peirra líf og ljós, hvar Guð er alstaðar næverandi, hann hefir sinn bústað á himnum, Kristur situr við hans hlið og heilagur andi útgengur frá þeim gegnum hið ómælanlega alheimsrúmi, með þessum hætti, Guð pekkir og stjórnar öllum hlutum, og á pennan hátt kemst maðurinn í sambandi hans, sem leiðir mennina í allan sannleika, minnir um það liðna, sannar það yfirstandandi og opinberar hið ókomna. Það er vitnisburður Jesúss Krists og spádómsandi, það Krists ljós sem upplýsir einn og sérhvær sem fæðist í pennan heim. Það er Guðs innblástur, sem gefur mannsins anda skilning og pekkingu, og þar sem heilags anda gáfan er sú stærsta og æðsta, þá er stöðugur vitnisburður um föðurinn og soninn, já, »rannsakar alla hluti, jafnvel Guðs dýpstu leyndardóma« (Kor. 2: 10).

### Trúin er kraftaverk.

Trúin á eilisan Guð föður og hans son Jesús Krist og heilagan anda, er að eins byrjun til hinnar sönnu trúar, sem pekkist á hlýðinni og verkunum, sem síðar verður umtalad í þessum smáritum. Trúin er sömuleiðis kraftaverk, því allra manna framþróun byggist á hennar æfingu. Petta kemur daglega í ljós í öllum lítsins kringumstæðum og breytingum, og í æðra ástandi er hún verkandi andlegur kraftur, hann sem á því stigi trúarinnar verkaði á spámenninna, postulana og heilaga menn. Peirra verk sem umtalast í gamla og nýja testamentinu og óðrum heilögum bókum, rituðum af hinum gömlu sjáendum, er ekki voru af Gyðingaættum, því trúin er hin sama á öllum timum, með öllum þjóðum. Það er meðal annars þessi trú, að sjúkir læknast, blindir sjá og haltir ganga, dausir heyra og mállausir tala, eiturbitslaungurnar læknast, himneskir draumar og sjónir opinberuðust og hin eilifa dýrð útbreiddist fyrir guðs heilaga og hans erindsreka í hinni fyrstu kristni. Það var fyrir pessa trú að likpráir hreinsuðust, vatni snúið í vin, fjöldi manna mettaðir með fáum fiskum og braudi, hinum æstu bylgur lægðu sig og dauðir upprisir, þegar meistarinn umgekst hér á jörðinni. Pessi undraverk kallast kraftaverk og álitast að vera yfirnáttúrleg, en voru náttúrleg, afleiðing af verkum kraftarins sem kallast trú. Það var fyrir pennan sama kraft að himininna lokaðist, svo það kom ekki regn í 3 ár og 6 mánuði, að mjölið i í krukkunni og olian í krúsinni upphornaði og hrifanrnir færðu

Elías fæðu. Á hans dögum, fyrir hina sömu trú voru Ísraelsbörn leidd af Móses út af Egiftó, Rauðahafid skiftist i tvent, manna fél af himni, vatn kom út af berginu, og þeir sem urðu fyrir höggormabiti voru læknaðir. Fyrir þessa trú sigruðu þeir gömlu Patriarkar og sumir af þeim umgengust Guð og töludu við hann, — og fyrir þessa trú var hin mikla himnafesting sköpuð í allri sinni dýrð, skipulag varð úr ginnungagapi og myrkrið að ljósi og lífið í ýmsum myndum framþróaðist eftir bodi hins eilifa guðdóms, hjá hverjum þessi trúarinnar kraftur fram kemur á hæðsta stigi.

#### Trúarinnar lögðmál er óbreytanlegt.

Petta er trú sem talað er um í bréfinu til Hebreskra 2. kap. og líka í st. Júdas almenna bréfi, þar sem hann áminti sōfnuðinn um »almenna frelsun«, að þeir skuli striða fyrir pá trú, sem þeir heilögū hafi orðið aðnjótandi ((Jud. 3: vers). Í þessari nýmóðins trú kennist, að þessi trú með öllum sínum gáfum, táknum og stórmerkjum, sem hún opinberar, séu nú ekki lengur nauðsynleg, og þess vegna ekki framar til. — En petta er eitt af hinum mörgu villum, í hinni andlegu óstjórn, því Guð er hinn sami í dag og í gær og um alla eilifð. Sannleikans grundvöllur haggast ekki orsök og afleiðing breytist ekki um alla eilifð. Sú trú sem á dögum hinnar fyrstu kristni, verkaði kraftaverkin, getur eins nú á síðustu dögum verkað með sama krafti; að hún er ekki verkandi er sönnunin fyrir því, að trúin er dauð, það er orsókin.

#### Trúin er vegur til þekkingar.

Sönn trúarbrögð iñnifelast í sannri trú, sem er stór merkilegt, því það er vegurinn til frelsunar, »að þekkja hinn eina sanna Guð og hans útsenda son Jesús Krist, er að ávinna sér eilift« (Jóh. 14: 3). Hin lifandi trú er upphaf þekkingarinnar. Og þessi trú, sem einu sinni var veitt hinum heilögum hefir um liðnar aldir, síðan á postulanna dögum verið á svo lágu stigi og næstum útdauð, á meðal hinna svo nefndu kristnu, undirorpín ýmsum »Dogmer« og mannasetningum, á hinni löngu og dimmu nótt hins andlega lífs. Frá þeim tíma Guð opinberaði sig þar til á hinni 19. öld, að virkilega hafa ýmsir bædi menn og konur reynt að þjóna og leita Herrans eftir bezta mætti, en þeir hafa ekki náð þeim proska, að vera í sambandi við Guð með þeim trúarkrafti sem pektist á meðal þeirra fyrstu kristnu guðsbarna, sem er alveg nauðsynleg fyrir pá sönnu trú. Lofaður sé herrann fyrir það, að trúin er aftur gefin til jarðarinnar, og guðdómlegar opinberanir eru ennþá mögulegar. Mennirnir geta enn sem fyr haft eiginlegt samband við sinn skapara, og alla þá blessun sem þar af leiðir, veitist þeim, sem nú veita móttöku hans gáfum, sem hlýðin börn.

Um þessi háleitu efni, verður síðar talað í öðrum smáritum, sem lesaranum gefst kostur á að lesa sér til upplýsingar, svo sannleikurinn útbreiðist og sigri, svo hið guðdómlega megi lýsa öllum sem leita sannleikans um allan heim.

Útgefandi og kostnaðarmaður: Jakob B. Jónsson.

# Geislar af lifandi ljósi.

Eftir Charles W. Penrose.

Nr. 3.

## Endurlausnin.

Evangelium fyrsta atriði.

Í hinum fyrri ritum í pessu sambandi er sannað, að það getur ekki verið nema ein sönn trú, vegna þess, að ekki er nema einn sannur Guð, og hún verður að opinberast frá honum, en ekki frá mónnunum. Og hið fyrsta atriði par til, er pannig lögð trú, sem pekkist af verkunum; athugum hver þau verk eru, sem útheimtast til sáluhjálpar. Hinn fyrsti ávöxtur af því að trúá á Guð og hans son Jesú Kris, er umvendun frá syndinni sem yfirtroðslur á guðs bodum og sannfæring um syndina, er einmitt trúin á Guð og hans boð, sem leiðir til aðmýktar og dygðugs lífernис. Yðrunin er ekki í sjálfu sér hið sanna afturhvarf, heldur hreinn ásetningur að bæta liferni sitt í framtíðinni; sem innifelst í föstum ásetning að láta af synd og bæta liferni sitt, eins og Páll segir: »Elskan til Guðs verkar yðrun til sáluhjálpar« (2 Kor. 7: 10). Þá syndarinn angrast af því hann er uppvís orðinn, er ekki sú sanna yðrun. Að snúa frá syndinni með réttu hugarsfari, er sú sanna yðrun og þá fyrst verður hann aðnýtandi peirrar sælu, að komast í samband við sinn skapara með trúarinnar krafti.

Iðrunin er nauðsynleg.

»Hættið að gera það illa, en ástundið það góða«, hefir verið Guðs og hans þjóna orð gegnum aldanna ráðir. Þetta er sporið til verkandi lifandi trúar, og það er fullkomlega nauðsynlegt til sáluhjálpar, án þess er trúin á Krist rýðingarlaus, hann segir: »Ef pér ekki snúið yður frá hinu vonda, munuð pér allir fortapast« (P. G. 17: 30). Kristur býður, að i hans nafni skuli prédika umvendun og syndanna fyrirgefning til mannanna, (Lúk 24: 47). Sú hugsun, að menn geti syndgað móti Guði og mónum, en trúá á Krista forþjenustu og með því friðþægjast, er ein af hinum mörku rangfærslum gróðursettar á trúarinnar lifandi tré.

Tilgangurinn með Krista friðþæging.

Kristur gaf sjálfan sig sem friðþægjandi offur fyrir mennina, til þess að frelsa pá frá peirra syndum, – ekki í peirra syndum. Hans verk er að frelsa mannkynið og færa það til Guðs. Hans evangelium kennir oss að afneita allri synd og vaxa í réttlæti og kærleika föðursins. Friðþægingin sem skeði á krossinum í Golgata, er eins mikil misskilin af þessara tíma geisllegum, eins og Móses og spámannir voru misskildir af þeim, sem afneita Jesú. Þessi friðþæging hefir tvønnan tilgang. Fyrst að endurleysa mennina frá hinni upprunalegu synd, sem framin var í Edin aldingarði, og hitt, að opna veginn til endurlausnar frá persónulegum syndum, sem Adams niðjar hafa framið og fremja.

### Endurlansnir frá erfðasýndinni

nær til alls mannkynsins, án peirra tilhlutunar. Í byrjun kom dauðinn i heiminn sem afleidning af því, að Guðs boð voru brotin og varð arfgengur meðal allra afkomenda hinna seku. Kristur gaf sig sjálfan sem offur fyrir pessa synd, eins og dauðinn kom fyrir eins manns óhlýðni, eins verður náðin veitt fyrir einn; »eins og allir urðu að deyja vegna Adams, skulu allir lífa fyrir Krist« (1 Kor 15: 22). Þar sem Adams synir og dætur voru ekki sekir um þá synd, sem innleiddi dauðann, þá verður ekki heimtað af þeim að þeir skuli gera neitt, sem endurreisti þá til lífsins. Upprisan á sama hátt sem dauðinn, er endurreisn eftir fallið. Og þegar upprisan fyrir meðalgöngu Krists, gefur öllum þeim dauðu, smáum sem stórum upprisu, náðargjöfina til að frelsast frá grófinni og dæmast eftir peirra verkum, (Opnb. 20: 11, 15).

### Endurlausn frá persónulegum syndum.

Er hið annað — um hvern sérstakan syndara, þá er endurlausn in að eins möguleg fyrir trúna á Krist, og hlýðni við hans evangelium. Sérhver skynberandi persóna er í ábyrgð fyrir sin verk, hann verður að gera það, sem af honum er krafist, svo hann verði frelsaður frá syndinni, maðurinn hesir meðsæddan kraft til að hafna og velja; frjálsan vilja til þess að gera það góða, og striða á móti því illa, jafnvel þó kringumsteður og erfðasýndir hafi meiri eða minni áhrif á manninn; þá er samt hans frjálsi vilji óháður kennungum um endurgjald eftir verkunum, er ástæðan fyrir einstaklingsins ábyrgðarhluta af sinni breytni. Kristur hesir aðeins uppfylt það sem mennirnir ekki voru færir um að gera sjálfir. En það sem þeir eru megnugir um að gera, verður krafist af þeim, þeir geta trúð og yðrast og veitt móttóku með athygli um hans boð til sáluhjálpar, án þess þeir sýni það í verkinu, og þá þeir mæta allir frammi fyrir dómistóli Guðs, eru þeir óverðugir hans nálægðar.

### Sáluhjálp fyrir hlýðnina.

Það er auðskilið, að þar sem Kristur dó fyrir hina fyrstu synd án manngreinarálits, þá dó hann með því skilyrði fyrir persónulegar syndir, sem endurlausnari. Og þess vegna sendi hann sína lærisveina út um heiminn til að boða mönnum pann gleðiboðskap. Þar er enginn annar vegur til eilifs lífs, og sáluhjálpin er ómöguleg með því, að tylgja ýmsum mannasetningum og skoðunum. Það er óbreytanlegt á öllum tínum og meðal allra þjóða »það er hið eilifa evangelium«. Mósesar lögsmálið var ófullkomíð og veraldlegar tilskipanir vegna þess Ísraelsmenn forsmáðu hið eilifa evangelium, þá voru þær tilskipanir ónauðsynlegar, þegar evangelium náðargjöfin var innsett af Kristi, sem er eini vegurinn til sáluhjálpar og hún fæst að eins fyrir trú og hlýðni við hans boð.

### Syndanna fyrirgefning.

Það er sannað, að trúin er fyrsta atriði náðarboðskaparins og hið annað er afturhvarf frá syndinni, og skulum vér par næst minn-

ast á priðja atriðið, — sem er syndanna fyrirgefning. Sú almenna meinung meðal pessara daga kristnu er, að yðrunin sjált sé fullnægandi til syndanna fyrirgefningar. Ætta er aftur eftirtektarverð villa, skuld verður ekki borguð með því að hætta að skulda meira, ásetningurinn um að hætta að syndga, asborgar ekki drýgðar syndir. Guð er sú vera, sem elskar lög og reglu, og hann hesir fyrirhugað meðalið, sem hver syndari verður aðnjótandi fyrir þær drýgðu syndir; hans lög eru í samræmi við bæði andlegt og veraldlegt ásigkomulag og hlýðin gagnvart þeim er nauðsynleg bæði í andlegu sem likamlegu tilliti. Hinn iðrandi maður sem trúir verður aðnjótan» í syndanna fyrirgefningar með skírninni, þegar hún er veitt fyrir guðdómlega ráðstöfun og fullmagt.

### Fyrirgefning syndanna, fyrir skírnina.

Skírnin um syndanna fyrirgefning, var prédikuð af Jóhannesi, sem var fyrirrennari Krists. Jóhannes skýrði á eyðimörkinni og prédikaði um syndanna fyrirgefning fyrir skýrnina, (Mark. 1: 4). Jesús viðurkendi pessa skírn, bæði persónulega og sendi sina lærisveina til þess að prédika það meðal fólksins, (Matth. 28: 19, 20, Mark. 15: 16, 18); en áður en hann útsendi þá með þessa kenningu bað hann þeim að vera í Jerúsalem þar til hann fengi kraft frá hæðum, (Lük. 24: 47, 49). Pennan kraft óðluðust þeir á uppstigningardaginn, allir til samans, og heilagur andi kom yfir þá á sýnilegan hátt, fyrir allan þann stóra mannfjölda, sem kominn var saman til að hlýða á postulana. Þá hélt Pétur þá fyrstu evangelisku prédikun eftir Krists upprisu, sem er skrifad í postulanna gjörningar 2. kap. Eftir að hafa borið vitni um embætti Krists og upprisu og sem svar upp á spursmálið: »þér menn og braður, hvað skulum vér gera?« sagði Pétur til peirra. »Snúið yður og látið yður skírast í nafni Jesú Krists, til syndanna fyrirgefninga, svo skuluð þér óðlast heilagan anda, því yður og yðar börnum tilheyrir syndanna fyrirgefning, og öllum þeim, sem langt í burtu eru og herranum þóknast að veita hana«, (Post. 3, 2: 37, 39), Þann sama dag meðtóku 10 þúsund sálar náðarboðskapinn og voru skírðir til syndanna fyrirgefninga.

### Krists blóð hreinsar oss af allri synd.

Syndanna fyrirgefning veitist þannig með skírninni, þeim sem trúa og umvendast, fyrir Jesú Krists friðþægingu »án blóðsúthellingar fyrirgefst ekki« (Hebr. 9: 22). Kristi blóð er fullnægting fyrir syndarann, sem breytir eftir boðum náðarboðskaparins. Ætta nær til allra peirra, sem evangelium verður boðað, en þeir einir verða þess aðnjótandi, sem hlýðnast þess boðum; oft er vitnað til ritningarordanna, er svo hljóða: »Hans sonar blóð hreinsar oss af öllum syndum«. Ætta er nokkur partur af tekstanum, og þess vegna af vegaleiðandi, en allur textinn hljóðar þannig: »Ætta er sú kennung sem hann kendi oss og tilkynnum yður, að Guð er ljós og í honum er ekki myrkur að finna. Ef við segðum vér lifum í Guði, en drýgðum myrkranne verk, þá ljúgum vér og fylgjum ekki sannleikanum, en ef vér lifum í ljósini, eins og hann er ljósið, þá lifum vér í sameiningu — og Jesús Krists blóð hreinsar oss frá allri synd«, (Jóh. 1: 5—7).

### Greftrunar skírnin.

Fyrir guðdómlega tilhlutun, er skírnin til fyrirgefningar syndanna og þess vegna nauðsynleg, hún er teikn um alla syndarinna afplánun: jarðsetning alls þess veraldlega og upprisa í nýju lífi fyrir Jesúm Krist. Skírnin pýðir niður dítingu. Önnur skirnarathöfn með því, að ausa vatni á likamann, er engin skírn, því skirnarathöfn Jóhannesar fyrirrennara Krists og Jesúss Krists sjálfss og postulanna, er prédikuðu, hún var bæði jarðsetning og endursfæðing. Pellar Jesúss skírðist var það í ánni Jórdán, þá kom Jesúss frá Galileu til Jóhannesar að skirast af honum, en Jóhannes bannaði það og sagði: »Eg þarf að skirast af yður og þú kemur til minn; en Jesúss svaraði og sagði til hans: »Leyflð mér að skirast, svo ritningarnar uppfyltar verði;» pannig ber oss að fullkomna það sem rétt er, þá leyfði hann það og Jesúss steig niður í vatnið og var skírður og jafnframst sté hann upp úr vatninu og sjá, himnana opnast og Guðs anda koma yfir hann í dúfu liki, og þar kom raust af himni og sagði: »Pessi er sonur minn elskulegur, á hverjum ég hefi velpóknan,« (Matt. 3: 13—17); Jesúss sagði við Nikodemus: »Sannlega, sannlega segi ég þér, hver sem ekki fæðist af vatni og anda, getur ekki óðlast himnaríki« (Jóh. 3: 5). Jesúss sjálfur gaf oss eftirdæmi, og var fæddur af vatni og anda pó án syndar; varð hann að skyrást til þess að fullkomna réttlætið? Pellar Filippus skírði hinn Ætiopeska þjón, stigu þeir báðir ofan í vatnið Filippus og geldingurinn og hann skírði hann og pellar þeir stigu upp úr vatninu, var Filippus burtnuminn með herrans anda [P. G. 8: 30—35]. Jóhannes skírði Ænon nálægt Salem, vegna þess, þar var mikil vatn, [Jóh. 3: 23]. Þáll likti skírninni við jarðsetningu og upprisu, [Róm. 6: 4—6. Kol 2: 12]. Pétur kallar sýndaflóðið fyrirmund upp á skírnina [Pétur 3: 20—21].

### Barnaskírn. — Myndugleiki.

Sannanir fyrir evangeliums grundvelli, sem Kristur og hans postular kendu, var trú fyrst, þar næst umvendun, síðan niðurdfingarskírn, til syndanna fyrirgefningar með fyrirheiti um heilagsanda gáfur til allra er láta sig skíra. Þess vegna er barnaskírnin fölsk kenning, og syndin er brot lögmálsins. Ungbörnin geta ekki framið synd, skírin veitist eftir umvendun og trúna. Ungbörnin geta ekki trúað og þau hafa ekki neitt til að umvendast frá, og pó þau hefðu það, þá hefir Guð aldrei boðið að skíra ungbörnin. Jesúss blesstaði þau og sagði: »Slikum heyrir himnaríki til.« Til þess að skírnin sé fullnægjandi, verður hún að framkvæmast af hans þjónum, sem hafa guðdómlegan myndugleika þar til, og hún verður að gerast í nafni fóðurs, sonar og heilags anda. Enngin maður hefir rétt til að taka sér petta vald, nema hann fái það frá Guði, annars er skírnin ógild og einkisverði. Pellar hún er framkvæmd upp á réttan máta, þá færir hún syndaranum fyrirgefingu og sá trúandi = skírði verður nýr maður, standandi hreinn fyrir Guði og hæfilegur til að meðtaka heilagan anda.

Ó! að lesarinn vildi athuga það framansagða og rannsaka sannleikan, og byrja að ganga hinn þraunga veg sem leiðir til eilifs lífs:

---

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Jakob B. Jónsson.  
Prentsm. Gutenberg. — 1911.

# Hvað er mormónska?

Eftir

**Eggert Jochumsson.**

Pessari spurningu ættu allir, bæði kristnir menn er sig kalla, og aðrir, að gera sér alt far um, að geta rétt svarað, en til þess útheimtist, að kynna sér nákvæmlega þessi trúarbrögð með allri aluð, sannleiks-ást og samvirkusemi; bera þau saman við hið hreina, opinberaða orð guðs i ritningunni og við dæmi Jesú Krists og postula hans, en engan veginn saman við hin ýmsu, svokölluðu kristnu trúbrögð nú á tínum, sem i mörgum greinum og áriðandi atriðum eru næsta ósamkvæm guðs hreina orði, og því röng og óhafandi að því, er það áhrærir.

Það er því alveg rangt og ótilhlýðilegt, og lýsir eigi sannkristinni stefnu né hugarfari, eins og átt hefir sér stað — því miður — hjá ýmsum, og það fremur málsmetandi mónnum meðal hinna svo kölluðu kristnu trúflokkja, að veita — að ósekju — nokkrum trúarbragðaslokki hatursfulla árás í ræðu eða riti.

Meðal ofsóknarmanna mormóna trúarbragðaslokksins, er einn hatursfullur, skæður óvinur, n. l. danskur prestur, að nafni Matthiesen, sem næstl. ár hefir gefið út rit nokkurt, með nafni »Hvad er mormonismen?«

Rit petta er — eftir minni skoðum — hatursfult ofsóknarrit, fult af hleypidóum, öfgum og jafnvældum ósannindum, samantýndum óhróðursögum eftir ýmsa fjandmenn mormóna trúarbragðaslokksins, bæði frá-fallinna mormóna og annara, er nefna sig kristna, en sem gleyma því, að ofsóknarmenn, er ekki hlifast við, veita öðum trúflokki slika blygð-unarlausa árás, að peir brjóti trúarbragðafrelsís lög þau, sem nú eru viðtekin um mest-allan hinn mentaða heim, og breyta einnig pveröfugt við það, er kristnum sæmir; peir fyrirlita og einskisvirða í þessu efni anda og eðli hins sanna kristindóms og með því að setja blett á sig sjálfa í augum allra sannra trúmannna og sannleiks vína, einkum séu peir kennimenn og hirðrarar einhvær safnaðar í kristilegri kirkju. Peir ættu miklu, fremur ef peir tortryggja trúbrögð annars trúarflokks um áreiðanleggleika eða hreinar kenningar, — þá að rannsaka það sjálfir nákvæmlega þau trúarbrögð, og bera þau saman við guðs orð i ritningunni, ekki hlaupa eftir og gleipa við ýmsum skröksögum og hleipidómum annara, og láta það gilda fyrir sanleika, sem peir síðan »bera á borð« fyrir aðra, bæði þá, sem peim er trúad fyrir að préðika einungis sannleikann. og alla hina, er heyra kynnu eða lesa slik ritverk eftir þá. Það er og verður ávalt órækur sannleikur, að hver sá mað-

ur, sem að fyrra bragði áreitir eða ofsækir annan mann án saka, er sjálfur ekki góður eða friðelskandi; hann er engan veginn sannkristinna; hann hesir ekki Krists anda; er ekki guðs barn.

Sagan er reynslan á öllum óldum, hesir með ótal dænum fullsannað það, að peir, sem áreita aðra saklausa að fyrra bragði, eru verri menn í raun og veru, en hinir, sem peir áreita. Þetta liggur í hlutarins eðli. Hverníg var það ekki á dögum spámannanna, á dögum Krists sjálfs og postula hans? Og hvernig hesir það ekki verið á öllum tínum, alt til pessa dags? Mætir ekki hin sanna Krists kirkja hér á jörðu sifeldum ofsóknum, sifeldum áreitingum, hatri og fyrirlitningu af óhlutvöndum og vondum mönnum pessa spilta heims, sem ávalt liggur í hinu vonda?

Hvað enn fremur viðvikur ofsóknum, áreitingum og dóum hinna nafnkristnu um hina sannkristnu játendur mormónstrúar, er það vel athugandi, að i eðli sinu er naumast hugsanlegt, því síður liklegt, að hatursmenn eða fjandmeun séu í svo rétu og óspiltu andlegu ástandi, að peim sé trúandi til pess, að peir geti með fullkominni sanngirni og hlutdægnislaust dæmt um trúar og síðfræðis-ástand andstæðinga sinna, og hvatir þær, er orð peirra og gerðir stjórnast af. Hversu og lærdur, sem hatursmaðurinn kann annars að vera, er samt vart hugsanlegt, að hann hafi nægilega hugfró, stillingu og athugun til þess að dómgreind hans geti ratað þá leið, sem rétt er og sanngjörn, pegas hann upp kveður dóminn yfir mótparti sinum, þann dóm, sem hann ótilhvattur af öðrum er dómsvald hafði, og því af eigin ranglega ímynduðum myndugleika upp kveður, og brúkar svo eigi betri né áreiðanlegrí dómsástæður við petta verk, en óhróðasögur og lygaváður annara óvina peirra, er dóminn skal pola. — Pannig er pessu háttad með ofsóknarit það, er ég gat um hér að framan, eftir danska kennimanninn. — Það er sprottið af hatri og óvild, en eigi byggt á nokkurri verulegri rannsókn, heldur því nær eingöngu á hleypidóum og óhróðurssögum annara óvina mormónstrúarmanna, og jafnframt óvina sannleikans, og jafnvel þótt einhver »flugfótur« kynni nú að vera fyrir einhverju af því, er höfundur ritsins notar sem sönnunargögn og röksemdir móti trúarbrögðum mormóna, þá reynist aðferð hans og allar ályktanir i því efni ógildar og einskis virði. Rithófundurinn, sem er guðfræðingur, ætti þó að minnsta kosti, að hugleiða og vita það, að enginn akur — og þá heldur ekki akur kristninnar — getur verið svo hreið og heilagur, að óvininnum, sem ávalt vakir og situr á svíkráðum til að spilla, eigi geti tekist að sá par illgresinu. Að minni hyggju tapa mormónstrúarbrögðin engu af ágæti sinu við það, engu af sinum hreiðleika, þótt i þeim trúarflokki mætti finna eitthvert varmenni, einhvern blygdunarlausn lygara og svikara. Slikir óþokkaseggir hafa á öllum óldum og í öllum trúarflokum til verið — því miðnr — en það sannar ekkert annað en það, að ávalt er óvinurinn vakandi, og »að heimurinn liggur stöðugt í hinu vonda».

Dæmin í pessu efni eru deginum ljósari og er óparfi að telja þau hér upp. Að eins vil eg nefna eitt einasta, nefnil: Í hinum litla hóp lærisveina Jesú Krists, var þó eftir vitnisburði sannleikans sjálfs, einn djöfull.

Pett vona eg nægi til þess að sýna og sanna, hve ranglått það sé, að uppkveða ómildan dóm yfir nokkrum trúarflokki, og hafa eigi

annað fyrir ástæðu, en hatursfullan rógburð og máski eitt eða tvö dæmi af hrakmennum innan vébanda hins ofsópta trúarflokks, sem einnig getur verið ósannur rógburður að nokkuru eða, ef til vill, að öllu leyti.

Eg, sem rita þessar linur, hefi nú i tvö undanfarin ár tölувert kynnt mér trúarbrögð mormóna, þó að eg enn eigi hafi að fullu tekið þá trú. Eg hefi lesið og yfirvegað — með sannleiksást — mjög ágætt rit ýmsra höfunda úr þessum trúarflokki, sömuleiðis Mormónsbók að miklu leyti og hið ágæta mánaðarrit »Skandinaviens Stjernen«, og er því orðinn sannfærður um, að þan trúarbrögð eru óefad hin hreinustu og beztu, sem nú eru til i heiminum, og sem átt hafa sér stað á jörðunni síðan á dögum Jesú Krists postula. Pau præða í öllum greinum estir guðs heilaga orði í ritningunni, og játendur peirra eigi að eins kenna hið hreina »lifsins orð«, og forðast allar kreddur, hártojanir orðsins og mannasetningar, heldur prýða peir alla kenningu sina með »óstraffanlegu framferði«.

Peir eru hógværir, polinmóðir, hreinlisir, bindindissamir, eigi ágjarnir, ófundsjúkir eða heiftræknir, þó að peir mæti áreitni, háði og ofsóknum af óhlutvöndum mönnum. Peir eru friðelskandi, og veita engum manni áreitni eða átolur, hvorki í trúarefnunum né neinu öðru, heldur leiðbeina öllum, án manngreinarálits, á réttan veg sáluhjálparrinnar með hógværum anda og orðum, og guðlegu og göfugu estirdæmi í allri breytni sinni.

Trúarbrögð, einkum hin kristilegu, eru, eftir mínni skoðun, svo háleitis eðlis, og svo göfugt og guðdómlegt málefni, að það er alveg ósæmandi, að þau séu gerð að hatursfullu deiluesni, þau sem eru að allíffspursmál mannana hér í heimi, bæði fyrir petta stundlega líf, og einkum og allra helzt fyrir hið andlega og eilifa líf, sem í vændum er eftir petta.

Hinir kristnu trúarflokkar ættu því að tala sig saman í bróðerni, bera nákvæmlega saman ágeiningsatriðin, og samkvæmt réttiskildum orðum heil. ritningar reyna til að komast á eina og sömu skoðun um trúarefnin. Ef petta gæti nú eigi heppnast að nokkuru eða öllu leyti, þá væri tiltækilegt, að flokkarnir, hvort peir væru tveir, prír eða fleiri, kysu hver úr sinum flokki 5 menn, sem að allra áliti væru bezt færir til þess að vera óhlutdrægir dómundur í pessu trúarbragðamáli. Ættu svo allir dómundurnir, 10, 15, 20, eða hvað peir kynnu að vera margir, að komast að einni og sömu niðurstöðu viðvíkjandi trúarbrögðum og síðfræði, er viðtakast skyldi í kristilegri kirkju meðal allra flokka.

Petta ætti síðan að vera fullnaðardómur, sem allir undantekningarálaust ættu að sætta sig við, æðri stéttir sem lægri, kennimenn sem leikmenn. Af pessu leiddi eðlilega, að öllum landstjórnunum, sem nokkur atskifti hafa af trúarbragða eða kirkjumálefnum, bæri að hlýða slikeum nefndardómi.

Með pessari eða þvilkri aðferð er hugsanlegt, að lagfæring gæti komist á trúarbrögðin í kristninni, þá yrði, að likindum, einnig lokið öllum prætum, öllum ofsóknum og áreitingum millum trúarflokksanna, en aftur á móti kæmi friður eining og kristilegt bræðrasamband á milli allra lima kirkjunnar, samkvæmt fyrirmælum, tilætlun og vilja hins heil. stofnanda hennar, konungsins Jesú Krists.

Eitt er enn næsta íhugunarvert viðvikjandi trúarmálefnum í hinni svo kölluðu kristilegu kirkju, það eru hin mörgu ágreiningsatriði, og hinar ýmsu óliku trúarskoðanir flokkanna í henni, en þó þykjast peir allir byggja trú sina á sama, rétta grundvellinum, nefnil. guðs hreina orði í heil. ritningu. Hverníg stendur á pessu? Menn leiðast ósjálf rátt til að hugsa og álykta sem svo: Það hlýtur óefan að vera eitt-hvað »bogið« við petta.

Allir vita, sem kristnir nefnast, eða ættu að vita, að guð er einungis *einn*, og sannleikurinn í hans heilaga orði því einungis *einn*, og polir hann því enga sundurdeilingu eða hártogun, því slikt er honum alveg gagnstætt, og peir, sem það gera, verða að álitast, blátt áfram, guðs og sannleikans óvinir, — Pvi, »hver, sem kennir eða lifir öðruvisi en guðs orð kennir, sá vanhelgar guðs nafn á meðal vor. Varðveisit þú oss frá því himneski faðir«.

---

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Jakob B. Jónsson.  
Prentsm. Gutenberg. — 1911.



# MINNI VERSLUNARSTÉTTARINNAR



SUNGIÐ Á FRÍDEGI VERSLUNARMANNA

2. ÁGÚST 1923

KVÆÐIÐ EFTIR

*HANNES S. BLÖNDAL*

LAG EFTIR

*JÓN LAXDAL*

LAGIÐ TILEINKAÐ  
SONGFÉLAGI VERSLUNARMANNAFÉLAGS REYKJAVÍKUR



REYKJAVÍK — PRENTSMIÐJAN GUTENBERG — 1923

# Minni verslunarstéttarinnar.

Tempo di marcia.

Jón Laxdal.

1. Ung er stétt vor, að-eins frels-is naut hún ár - a - tug - i sjö á frónskri grund,  
Ung er stétt vor, frels - is naut hún

þá, ei fyrr, að full - u af sér braut hún fjöt - ur þann, er bar hún lang - a stund.  
þá, ei fyrr, að full - u braut hún

Það, sem margt, vér meg-um þakk-a Jón - i, margr - a ald - a tjóð - ur-band var  
Það, sem margt, vér meg-um þakk-a Jón - - - i,

leyst. Hann sá glög, að án þess ei á Frón - i yrð - i þjóð úr ves - al-mensk - u reist.  
glög, að ei á Frón - i

2.

Stéttin ung á verði þarf að vaka,  
verjast því, er réttinn getur skert,  
útlent vald svo af oss megi' ei taka  
ágætt vopn, í framsókn mikilsvert.  
Þörf er varna, ófrelsisisins andi  
enn í leynum bíða kann, sem fyr,  
enn hann gæti bundið oss því bandi,  
blessun frjálsra starfa' er rak á dyr.

3.

Verslun frjáls úr fjarrum hefir löndum  
fært oss margt, er bætti þjóðar hag,  
verið lífæð lögð að Íslands ströndum,  
lyft oss upp úr nótt í bjartan dag.  
Fjöregg er hún, alrei sem má brjóta,  
allri framsókn veitir styrk og þrótt,  
en ef hennar orkulindir þrjóta,  
aftur breytist dagsins ljós í nótt.

4.

Vegna þess má aldrei, aldrei gleyma  
ábyrgð, sem á vorri hvílir stétt,  
til að verja, treysta, efla, geyma  
trauðla fenginn, lengi þráðan réit.  
Stétt vor lifi, frjáls í frjálsu landi,  
frægð og þekking auðnist henni' að ná.  
Stétt vor lifi, föstum fótum standi,  
„framför Íslands“ marki skjöld sinn á.

H. S. B.

# Minni verslunarstéttarinnar.

Tempo di marcia.

Jón Laxdal.

Ung er stétt vor, að-eins frels-is naut hún ár - a - tug - i sjö á frónskri grund,

pá, ei fyrr, að full - u af sér braut hún fjöt - ur þann, er bar hún lang - a stund.

Pað, sem margt, vér meg-um þakk - a Jón - i, margr - a ald - a tjóð - ur-band var

leyst. Hann sá glögt, að án þess ei á Frón - i yrð - i þjóð úr ves - al-mensk - u reist.

H. S. B.

# Viðvörun til kjósenda.

- Eftir margar árangurslausar tilraunir til að verja innlimunarákvæðið í stjórnarskrárv. 1902 er enn haldið áfram að reyna að villa mönnum sjónir á málinu, ekki þó með nýjum málamyndaröksemdum — því að þær virðast nú lika þotnar — heldur með því að prenta upp greinar og ræðukafla, sem mér eru eignaðar, — slitna út úr réttu sambandi — þar sem eg á að hafa látið uppi aðra skoðun um ríkisráðssþurninguna en fram kemur í ritlingi mínum: »Um uppgjöf landsréttindanna».

Mér kemur ekki til hugar að neita því, að eg hef átt nokkurn þátt í greinum Corpus juris, og eg álit enn þær greinar réttar, enda hef eg lýst glögglega hugsun Corpus juris í ritlingi mínum, og vísa eg til hans þeim er vilja enn glöggva sig á skoðun þeirri, er eg álit fólgna í þeim greinum.

Hér læt eg mér nægja, að benda mönnum á það, og biðja menn að athuga það vel, er þeir lesa þetta nafnlausar þjóðólfs-afsprengi, sem borið er um bæinn til blekkingar mönnum nú undir kosninguna, að greinar Corpus juris og einnig ræðukafi sá eftir mig, er prentaður er á blaðsneplinum, eru ritaðar út frá þeim grundvelli og með það fyrir augum, að inn í stjórnarlög vor væri eigi komið neitt, sem gerði oss ómögulegt að halda því fram, að stjórnarskrá vor væri óháð grundvallarlögum Dana. Á þeim grundvelli skoðað eru allar setningar Corpus juris og orð míni á alþingi rétt. Ef aftur á móti Íslendingar viðurkenna grundvallarlögini sem grundvöll undir stjórnarskrá vorri, eins og gert er með ríkisráðsákvæðinu 1902, þá snúast allar setningar Corpus juris við, því að þá er grundvöllurinn, sem þær eru bygðar á, tekinn burin.

Þetta bið eg nenn að athuga gagnvart þessari ónotu blekkingartilraun Þjóðólfs og útflutningsfóra-spiladóssarinnar.

- A seðli, sérprentunum »Reykjavík«, sem nú er borinn í bænni samra blekkingarskyni og ofannefndur Þjóðólfs-kálfur, heldur hr. Jón Ólafsson því að mönnum, að það sé ekki að marka, hvern skilning danskir lagamenn, professor H. Matzen o. fl., leggj í grundvallarlög Dana, heldur eigi meni að láta sér skiljast, að það sé sjálfsgagt, að í grundvallarlögunum verði að standa alt það sama, sem sé stjórnarlög á Englandi, og því verði það að álitast sjálfsgagður réttur skilningur á grundvallarlögunum, sem Roseberry lávarður og aðrir enskir stjórnspekingar álita réttan skilning á stjórnögum Englands.

Það eru þó ekki lengur, eins og í Meinvætta-pésa J. Ó., almennar stjórnskipulegar hugmyndir, sem J. O. vill láta ráða gegn beinum lagafyrirmælum í danska ríkinu; nú eru það lög Englendinga, sem eiga að vera alstaðar ráðandi.

Grunnhygna ætar J. Ó. kjósendur hér í bæ, er hann gerir ráð fyrir að þeir viti ekki, að ensk lög og dönsk lög eru sitt hvað.

Rvík 8/6 1903.

Jón Jensson.

Ísafoldarprentsmiðja